



Breyttar horfur um viðskiptakjör í ársbyrjun 1986:

Mikil breyting til hins betra á síðustu vikum

Þjóðhagsstofnun hefur tekið saman yfirlit um breyttar horfur um viðskiptakjör Íslendinga árið 1986. Þar kemur fram að verulegar breytingar hafa orðið til hins betra á síðustu vikum.

Eins og fram kom í Ágripi Þjóðhagsstofnunar í desembermánuði síðastliðnum breyttust viðskiptakjörin lítið fyrstu þrjá fjórðunga ársins sem leið. Hins vegar var þó gert ráð fyrir lakari viðskiptakjöri í kjölfar gengisfalls dollarans síðari hluta ársins 1985 og af þeim sökum reiknað með því að þau yrðu 1-1 1/2% lakari á árinu 1986 en að meðaltali 1985. Í þjóðhagsáætlun ríkisstjórnarinnar, sem birt var í október 1985, var reiknað með svipaðri breytingu.

Síðustu vikurnar hefur á hinn bóginn orðið veruleg breyting til hins betra í viðskiptakjöri Íslendinga. Verð á freðfiski og saltfiski hefur hækkað og olíuverð lækkað. Miðað við ríkjandi verðlag virðast viðskiptakjörin 2-3% hagstæðari en í fyrra og 3-4% hagstæðari en reiknað var með í síðustu þjóðhagsspá fyrir árið 1986. Reiknað á núverandi gengi virðist verðhækkun á freðfiski og saltfiski valda því að útflutningstekjur gætu orðið 1.500 m.kr. meiri á árinu 1986 en síðast var spáð, ef þetta hagstæða verðlag helst allt árið og gengi Bandaríkjadollars lækkar ekki.

Þann fyrirvara þarf þó að hafa á þessum tölum, að íslensku fiskisöluvæðingunum í Bandaríkjunum telja óvíst, að hið háa verð á þorskblökk (130 US¢ pr. lb.) haldist til lengdar. Á hinn bóginn hefur önnur mikilvæg afurð frystingar, 5 punda pakkar af þorski, ekki hækkað í verði síðastliðið ár.

Á innflutningshlið vegur olíuverðið ákaflega þungt. Haldist það olíuverð í heilt ár, sem skráð var í

janúarlok á Rotterdammarkaði, felur það í sér um það bil 1.000 m.kr. lægri olíureikning á ári fyrir þjóðarþúð. Mikil óvissa ríkir þó eins og endranær um varanleika þessa verðs, en ekki virðist óvarlegt að reikna með því að olíureikningurinn muni lækka a.m.k. um 5-600 m.kr. eða sem svarar 10% á þessu ári.

Samanlagt felur því verðlag á

fiski og olfu í janúarlok í sér viðskiptakjarabót fyrir Íslendinga, sem svarar til um 2.000 m.kr. eða 1 1/2% af vergrí landsframléiðslu. Við þessa tölu þarf þó að gera þann mikilvæga fyrirvara, að bætt viðskiptakjöt muni að einhverju leyti hafa beinlínis í för með sér aukna eftirspurn og þar með aukinn innflutning, þannig að svigrúmið til

Tveir vélarúmshermar keyptir til landsins

Einn myndi anna þörfinni að álit skólanefndar Verkmenntaskólans

Akureyri, 7. febrúar.
ÁKVEDIÐ hefur verið að kaupa vélarúmshermi til Vélskóla Íslands í Reykjavík. Við höfðum í rúmt ár legið í forystumönnum ríkis og bæjar til að fá leyfi til kaups á vélarúmsherminum og bæjarstjórn ákvað loks að greiða 40% í honum því það fjármagn var flokkað undir stofnkostnað. Hermirinn til okkar kostar 2,5 milljónir norskra króna (um 12,5 millj. króna). Við vorum hinir glöðustu, sáum að nú höfðum við tækifæri til að standa feti frammar en Vélskólinn, því menn í honum höfðu lýst því yfir að þeir hefðu ekki áhuga á að fá slíkan hermi,“ sagði Gunnar. „En nú er búið að leyfa Vélskólann að kaupa hermi á 1,8 milljónir norskra króna (9 millj. ísl. kr.) og það er þessi aðþrengdi ríkissjóður sem borgar,“ sagði hann.

Gunnar benti á að 20-40 menn útskrifuðust úr Vélskólann á ári hverju „og í fyrra voru 5 af Stór-Reykjavíkursvæðinu í þessu námi.“ Hann sagði að tveir slíkir vélarúmshermar væru nú í notkun í Danmörku og fjórir í Noregi. „Það voru efasemdir um að kaupa eitt slíkt tæki í upphafi, nú eru þau skyndilega orðin tvö. Þetta er ein sú mesta móðgun sem ég hef orðið fyrir. Við vissum þetta ekki fyrr en okkur var sagt að maður frá Noregi kæmi til landsins í lok mánaðarins til að skrifa undir samning um kaup á herminum til Vélskólans.“ Gunnar sagði skólanefnd VMA hafa búið við því að geta haldið endurmenntunarnámskeið og fleira til að hermínn hér fyrir norðan nýttist sem best og að menn að sunnan notuðu hermínn sem þar yrði. „Það er allt svo gott fyrir sunnan!“ sagði Gunnar, „en aftur á móti erfiðt að koma hingað norður.“

þess að minnka viðskiptahalla, draga úr verðbólgu, bæta lífskjör eða afkomu fyrirtækja með kjarasamningum eða stjórnvaldsákvörðunum er minna en þessari fjárhæð nemur. Ennfremur er rétt að vekja athygli á því, að viðskiptakjarabótin snertir að svo stöddu fyrst og fremst sjávarútveginn og bætir erfiða stöðu hans, en aðrar útflutningsgreinar virðast enn standa frammi fyrir nokkurri rýrnum viðskiptakjara á árinu. Þegar fram í sækir standa þó vonir til þess að olíuverðslækkunin verði til þess að draga úr verðbólgu erlendis, lækka vexti á alþjóðalánamarkaði og glæða hagvöxt í iðnríkjum.

Breyttar horfur um viðskiptakjör árið 1986	Erlendar breytingar (m.v. meðalgengi)		
	Áætlun 1985	Spá 1986 (gerð í des. 1985) 1)	m.v. janúarskýrði 1986 2)
	%	%	%
I. Útflutningsverð			
1. Sjávarafurðir	2 1/2	0	5 1/2
2. Ál- og kísiljárn 3)	+9 1/2	0	0
3. Aðrar vörur	2	0	+2 1/2
Vöruútflutningur í heild	1/2	0	3 1/2
Þjónustuútflutningur	5	4	4
Heildarinnflutningur vöru og þjónustu	2	1	3 1/2
II. Innflutningsverð			
1. Sérstakur vöruinnflutningur	+3	2 1/2	2 1/2
2. Olía	+3	+8 1/2	+18
3. Annar vöruinnflutningur	3	3	3
Vöruinnflutningur í heild	1	1	0
Þjónustuinnflutningur	5	4	4
Heildarinnflutningur vöru og þjónustu	2 1/2	2	1
III. Viðskiptakjör í heild			
	+1/2	+1	2 1/2
IV. Áætlun verðbreyting í \$			
Sjávarafurðir	0	10	15
Olía	+5	0	+10

- 1) Hvað varðar almennar verðbreytingar í utanríkisverslun og breytingar olíuverðs var einkum byggt á OECD Economic Outlook No. 38, desember 1985. Sjávarvöruverð var í meginatriðum byggt á ríkjandi verði í desembermánuði.
- 2) Hér er sýnt dæmi um viðskiptakjör 1986, miðað við að núgildandi verðlag á sjávarafurðum héldist óbreytt út árið, svo og að sú olíuverðslækkun sem orðið hefur á Rotterdammarkaði verði að nokkru varanleg. Hér er þó að svo stöddu ekki lítið til hugsanlegra áhrifa olíuverðslækkunar á aðra þætti utanríkisviðskipta, t.d. minni hækkingarinnflutningsverðs, aukinna milliríkjaviðskipta o.s.frv.
- 3) Hér er stuðst við spár ÍSAL um nokkra hækkingu álverðs og spá Járnlendifélagsins um nokkra lækkingu kísiljárnverðs frá meðalverði síðasta árs.



Síðasta sýningarhelgi á myndum Sigfúsar Halldórssonar

SÝNINGU Sigfúsar Halldórssonar á Kjarvalsstöðum lýkur á sunnudagskvöldið. Sýningin var opnuð 25. janúar. Sigfús sýnir 152 myndir og tónlist af ýmsu tagi er leikin á hverju kvöldi. „Hingað hafa komið milli 4 og 5 þúsund manns,“ sagði Sigfús er hann var spurður um aðsóknina. „127 myndanna eru til sölu, og hafa 56 þeirra selst. Við opnunina var fluttur nýr lagaflokkur eftir

Tómas Guðmundsson, sem heitir Austurstræti, og hann var endurfluttur nú fyrir skömmu. Þar að auki eru tónlistaruppakomur af ýmsu tagi á hverju kvöldi og verða nú um helgina. Enn hefur ekki verið ákveðið hverjir verða þessi tvö síðustu kvöld, en á sunnudaginn klukkan fjögur syngur Ingibjörg Marteinsdóttir við undirleik Guðna Guðnasonar.“

Flutt í Brautarholt 3

(MJÖLNISHOLT 14)

Sýnum 86 línuna í innréttingum frá **INVITA** í nýju húsnæði

ELDASKÁLINN

BRAUTARHOLTI 3 • NÝTT SÍMANÚMÉR: 621420